

Endanleg dagskrá og tillögur til aðalfundar VÍS árið 2023

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur boðað til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, **fimmtudaginn 16. mars 2023**, auk þess sem gefinn er kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Fundurinn hefst kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2022.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins og greiðslu arðs.
4. Tillaga um starfskjarastefnu sem inniheldur m.a. ramma um kaupaukakerfi.
 - Breytingartillaga Gildis líffeyrissjóðs við tillögu stjórnar um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi.
5. Tillaga um lækkingu hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðunarfélags.
10. Kosning tilnefningarnefndar félagsins.
11. Tillögur um heimild til kaupa á eigin hlutum.
12. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum gafst kostur á að fá mál tekin fyrir á aðalfundi með því að leggja fram skriflega eða rafræna kröfu fyrir kl. 16:00 þann 6. mars sl., sbr. 12. gr. samþykktu félagsins. Ein slík krafa hefur borist félaginu líkt og tilkynnt var um í fréttarkerfi kauphallarinnar þann 7. mars sl., og tekur dagskráin því breytingum til samræmis.

Boðið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku í fundinum án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað í gegnum Lumi AGM. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi smáforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Hluthafar geta jafnframt lagt fram spurningar fyrir aðalfund með tölvupósti á netfangið stjorn@vis.is eða á aðalfundinum sjálfum. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins í höfuðstöðvum félagsins eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð **Lumi AGM**.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á [vefsíðu félagsins](#). Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni <http://www.lumiconnect.com/meeting/vis2023> eigi síðar en kl. 16.00 þann 15. mars, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á.

Upplýsingar um fundarboð, sem vísast til að öðru leyti en hér greinir, ályktunartillögur stjórnar og greinargerð með þeim, starfskjarastefnu og skýrslu tilnefningarnefndar, sem inniheldur m.a. tillögur nefndarinnar að samsetningu stjórnar, má finna á [vefsíðu félagsins](#).

Önnur gögn vegna aðalfundar, s.s. ársskýrsla félagsins, skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og enskar þýðingar fundargagna eru nú aðgengilegar á [vefsíðu félagsins](#).